

Staðardagskrá 21 fyrir Ísafjardarbæ

1. útgáfa



Samþykkt á fundi bæjarstjórnar þann 7. desember 2006

„Sjálfbær þróun er þróun sem gerir okkur kleift að mæta þörfum okkar án þess að stefna í voða möguleikum komandi kynslóða á að mæta sínum þörfum“.

Gro Harlem Brundtlandt

Á heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Ríó 1992 samþykktu fulltrúar 179 þjóða ályktun sem nefnd hefur verið *Dagskrá 21* (Local Agenda 21). Þar er kveðið á um að sérhvert ríki skuli gera áætlun um þróun fram á 21. öldina. Áætlunin taki til vistfræðilegra, efnahagslegra og félagslegra þátta og hafi markmiðið um sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Staðardagskrá 21 er samstarfsverkefni Umhverfissráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þessi áætlun á að vera nokkurs konar forskrift að sjálfbærri þróun, þ.e.a.s. lýsing á því hvernig samfélagið ætlar að fara að því að tryggja komandi kynslóðum viðunandi lífskilyrði á jörðinni. Eitt aðalatriðið er að umhverfismál verði aldrei slitin úr samhengi við önnur mál, heldur ber að líta á áhrif mannsins á umhverfi sitt í víðu samhengi.

Ísafjarðarbær er eitt þeirra sveitarfélaga sem tekur þátt í verkefninu og hefur staðardagskrárnefnd haft það hlutverk að móta stefnu Ísafjarðarbæjar í málum er heyra undir Staðardagskrá 21. Nefndin skilaði skýrslu vorið 2004 sem bar heitið „Sjálfbær þróun – vistvæn sjónarmið” Þar kom fram lýsing á stöðu mála í hinum ýmsu efnisflokkum Staðardagskrár 21, og hafði sú stöðulýsing verið unnin í samvinnu við ýmsa fagmenn og starfsmenn sveitarfélagsins.

Verkefni er heyra undir Staðardagskrá 21 eru að framansögðu mjög yfirgripsmikil og ná til miklu fleiri þátta en umhverfis og vistkerfis. Það má ekki gleymast að þau ná einnig til efnahags og atvinnulífs og þau ná til heilbrigðis- félags og menntamála. Nauðsynlegt er að sjónarmið sjálfbærrar þróunar liti alla umfjöllun og framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins. Sannfæring þeirra sem ákvarðanir taka, um mikilvægi sjálfbærrar þróunar skiptir þá höfuðmáli.

Greining og mat byggt á því sem fram kom í skýrslu staðardagskrárnefndar Ísafjarðarbæjar frá 2004 hefur nú farið fram (styrkleika / veikleikagreining). Í framhaldi af þeirri vinnu hafa hér verið settar fram tillögur um æskilegar aðgerðir og umbætur. Enn fremur er hér bent á hugsanlegan ávinning sem umbætur munu hafa í för með sér, bent á samstarfsaðila, hugsanlegt framkvæmdatímabil og sett fram gróf kostnaðaráætlun.

Samþykkt á fundi Staðardagskrárnefndar Ísafjarðarbæjar 15. febrúar árið 2006.

Ásvaldur Magnússon, varaformaður

Efnisyfirlit

1. UMHVERFIÐ	3
1.1 NÁTTÚRUVERNÐ	3
1.2 HJÓLREIÐA- GÖNGU OG REIÐSTÍGAR	4
1.3 HEIMLISSORP Í ÞÉTTBÝLI.....	5
1.4 ÚRGANGUR FRÁ DREIFBÝLI.....	5
1.5 LÍFRÆNN ÚRGANGUR	6
1.6 FYRIRTÆKI – ATVINNULÍF	7
1.7 UMHVERFISFRÆÐSLA	8
2. HNAATTRÆN SJÓNARMÍÐ – JÖRÐIN ÖLL	9
2.1 AUÐLINDANOTKUN	9
2.2 HÁVAÐA- OG LOFTMENGUN	9
2.3 ORKUSPARNAÐUR.....	9
2.4 NEYSLUMYNSTUR OG LÍFSSTÍLL.....	10
2.5. OPINBER INNKAUP	11
3. HEILBRIGÐI OG HOLLUSTA.....	12
3. 1 HEILSA	12
3. 2 NEYSLUVATN.....	12
3. 3 FRÁVEITUMÁL.....	13
3. 4 MEINDÝR	13
4. ATVINNULÍF OG EFNAHAGSLEG SJÓNARMÍÐ	15
4.1 ATVINNULÍFIÐ	15
5. FÉLAGSLEG SJÓNARMÍÐ.....	16
5.1 SAMFÉLAGSGERÐ OG LÝÐRÆÐI.....	16
5.2 SKIPULAGSMÁL.....	16
5.3 MÁLEFNI BARNNA OG UNGLINGA	18
6. MENNTUN OG MENNING.....	19
6.1. ALMENNT.....	19
6.2 MENNINGARMINJAR.....	19
6.3 MENNING – FJÖLMENNING	20
6.4 SKÓLAR – MENNTASTOFNANIR	22

1. Umhverfið

1.1 Náttúruvernd

Grundvallaratriði er að taka afstöðu til náttúruverðmæta og þess hvernig beri að nýta landið til langs tíma, en taka ekki einvörðungu afstöðu til afmarkaðra þátta þegar framkvæmdir eru skipulagðar. Ísafjarðarbær er víðlent sveitarfélag með fjölbreyttri náttúru. Á svæðinu eru mörg náttúrufyrirbæri sem verða að teljast merkileg og svæði sem haldist hafa óbreytt frá alda öðli. Náttúruvernd felst bæði í því að friðlýsa náttúruminjar og einnig í því að standa vörð um þá heild sem við köllum náttúru. Náttúruvernd getur líka falist í því að endurheimta fyrri landgæði (landgræðsla og endurheimt votlendis). Ísafjarðarbær er strjálbýlt svæði en byggð er þétt í byggðakjörnum. Fólki hefur fækkað og uppbygging er víða lítil. Við slíkar aðstæður er líklegt að hættan á umhverfisslysum minnki. Mörg svæði eru meira og minna sjálffriðuð og landrými svo mikið að litlar framkvæmdir breyta litlu sem engu um heildina. Þetta ástand hefur þó ákveðnar hættur í för með sér. Menn geta orðið andvaralausir og einstaklingar geta farið sínu fram án eftirlits. Framtíðarsýn og stefnumörkun þarf því að vera fyrir hendi. Þetta ástand getur ella boðið upp á slys í náttúruverndarmálum.

(Sjá ennfremur skýrsluna *Sjálfbær þróun - vistvæn sjónarmið* bls.4-5)

Tillögur

Ávinningur

1. Unnið verði að því að gera Vestfirði í heild að grænu ferðamennskusvæði.

Ferðamönnum á Vestfjörðum fjölgar og því mikilvægt að staðinn sé vörður um viðkvæma náttúru.

Samstarf og ábyrgð: Ferðamálasamtök Vestfjarða, Atvest, Fjórðungssamband Vestfjarða
Aðgerðatími /tímabil: 2006-2008
Áætlaður kostnaður:

2. Gera þarf heildstæða náttúruverndaráætlun fyrir viðkvæm svæði í Ísafjarðarbæ í samvinnu við Náttúrustofu Vestfjarða.

Vel kynnt náttúruverndaráætlun hefur í för með sér aukna þekkingu á viðkvæmri náttúru svæðisins og getur þannig tryggt bætta umgengni.

Samstarf og ábyrgð: Náttúrustofa Vestfjarða
Ísafjarðarbær, Hornstrandanefnd og landeigendafélög.
Aðgerðatími /tímabil: 2007 - 2008
Áætlaður kostnaður: Fer eftir umfangi

1.2 Hjólreiða- göngu- og reiðstígar

Aukin útivistarþörf almennings kallar á greiðfærar gönguleiðir og stíga. Fleiri og betri stígar laða að sér fólk og örva þannig áhuga á útivist. Flokka má hjólreiða- og göngustíga í tvo höfuðflokka, þ.e. stíga í og við þéttbýli annars vegar og leiðir í tiltölulega óspilltri náttúru, sem venjulega eru kallaðar gönguleiðir, hins vegar. Það skiptir miklu máli hvernig áningarstaðir (t.d. upplýsinga-, hvíldar-, nestis-, æfingastaðir og bílastæði) eru útbúnir og hvernig tekst til við að tengja gönguleiðir í greiðfærar og samhangandi leiðir. Flokka þarf leiðirnar eftir því hverjir séu líklegastir til að nota þær. Töluvert hefur gerst í framkvæmdum við stíga í þéttbýli að undanförunu. Má þar nefna stíga í tengslum við snjóflóðavarnargarða á Flateyri og Ísafirði og malbikaðan stíg meðfram Skutulsfjarðarbraut á Ísafirði.

(Sjá ennfremur skýrsluna *Sjálfbær þróun - vistvæn sjónarmið* bls.8)

Tillögur

Ávinningur

1. Kynna þarf betur gönguleiðir í Ísafjarðarbæ. Útgáfa nýrra göngukorta efla og eldri kort endurskoðuð

Samstarf og ábyrgð: Tæknideild Ísafjarðarbæjar
Ferðamálafulltrúi.

Aðgerðatími /tímabil: 2007-2008

Áætlaður kostnaður: Gera þarf markvissar áætlanir og meta kostnað

Aukin útivist almennings og bætt umhverfi hafnarsvæðisins.

2. Forgangsraða þarf verkefnum og ljúka við hjóla- og göngustíga sem þegar hefur verið byrjað á.

Bættir möguleikar á útivist almennings.

Þessar hugmyndir hafa m.a.komið fram:

- Gera þarf áætlun til næstu 3-4 ára um lagningu stíga í og við þéttbýli fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur.
- Göngustígur verði gerður meðfram sjónum í tengslum við nýtt skipulag hafnarsvæðis á Ísafirði.
- Bæta aðgengi almennings að sjónum og vernda það litla sem eftir er af fjörum bæjarins.
- Bætt tenging við Ísafjörð með göngu- og hjólastíg.
- Göngu- og jafnvel reiðstígur umhverfis Sandafell við Þingeyri.

Bætt þjónusta við ferðamenn og íbúa.

Samstarf og ábyrgð: Tæknideild Ísafjarðarbæjar

Aðgerðatími /tímabil: 2006-2010

Áætlaður kostnaður: Gera þarf markvissar áætlanir og meta kostnað

1.3 Heimilissorp í þéttbýli

Ísafjarðarbær er mjög víðfeðmt sveitarfélag og dreifbýlt. Flokkun úrgangs frá heimilum hefur verið á Ísafirði síðan 1968 þegar sorpbrennslan á Skarfaskeri tók til starfa, en þá var flokkað í brennanlegt og óbrennanlegt sorp. Væntanlega eru íbúar sveitarfélagsins sammála um að nauðsynlegt sé að mæta kröfum tímans og því verði reynt að auka flokkun, m.a. til þess að mæta markmiðum sem sett hafa verið um sjálfbæra þróun. Lagaumhverfi flokkunar hefur verið að breytast mikið með tilkomu Úrvinnslusjóðs og eru nú ýmsar umbúðir að verða skilagjaldskyldar. Slíkt mun hvetja enn frekar til aukinnar flokkunar úrgangs.

(Sjá enn fremur skýrsluna *Sjálfbær þróun - vistvæn sjónarmið* bls. 8-9)

Tillögur

Ávinningur

1. Finna þarf varanlegt urðunarsvæði fyrir óbrennanlegt sorp og lausn á slæmri umgengni við núverandi urðunarsvæði við Klofning utan við Flateyri.

Snyrtilegra umhverfi.
Ánægðir íbúar.

Samstarf og ábyrgð: Funi, umhverfisnefnd
Ísafjarðarbæjar, Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða og íbúar.
Aðgerðatími /tímabil: Vor 2006
Áætlaður kostnaður: Kr. 700 – 800 þús.

2. Bjóða þarf íbúum upp á græn tunnukerfi til reynslu, t.d. á Þingeyri.

Lægra sorphirðugjald innheimt hjá íbúum með græna tunnu vegna færri ferða sorptökubifreiða.

Í stað vikulegrar tæmingar yrðu grænar tunnur tæmdar á tveggja vikna fresti.

Samstarf og ábyrgð: Funi, umhverfisnefnd
Ísafjarðarbæjar og íbúar.
Aðgerðatími /tímabil: Í tengslum við útboð árið 2007
Áætlaður kostnaður:

Aukin moltugerð íbúa dregur úr magni sorps og þar með kostnaði við sorphirðu.

1.4 Úrgangur frá dreifbýli

Gámasvæði í sveitum þarf að bæta. Ýmsum úrgangi til sveita er frekar brennt nú en að honum sé skilað á gámastöðvar. Ástæðan er líklega tvíþætt. Annar svegar kostnaður og fyrirhöfn við að flytja úrganginn og hins vegar léleg gámasæði.

Sjá enn fremur skýrsluna *Sjálfbær þróun - vistvæn sjónarmið* bls. 4-5

Tillögur

Ávinningur

1. Upplýsingamiðlun til íbúa verði aukin og bætt. Bændur verði hvattir til að skila rúlluplasti til eyðingar á löglegan hátt.

Betri flokkun og umgengni stuðlar að minni mengun og sýkingarhættu.

Viðunandi lausnir á förgun dýrahraeja, slógs og annars lífræns úrgangs verði fundnar og verði í samræmi við lög og reglugerðir.

Bætt ásýnd er jákvæð fyrir sveitarfélagið, m.a vegna ferðaþjónustu.

Samstarf og ábyrgð: Funi
Aðgerðatími /tímabil: 2007
Áætlaður kostnaður: Kr. 200-300 þús.

2. Gámasvæði til sveita verði bætt og tryggt að rafgeymar og annar úrgangur leki ekki út í jarðveginn.

Bætt ásýnd sveita. Ánægja bænda með bættu þjónustu.
Minni mengun.

Samstarf og ábyrgð: Ísafjarðarbær - Umhverfisnefnd
Aðgerðatími /tímabil: 2007
Áætlaður kostnaður: ?

1.5 Lífrænn úrgangur

Til fellur talsvert magn af lífrænum úrgangi bæði úr sjávarfangi og til sveita. Förgun fiskislógs er vandamál víða á landinu og er slíkum úrgangi víða sturtað í sjóinn á óviðunandi hátt. Reglur um eyðingu dýrahraeja eru ekki fyrir hendi og annar lífrænn úrgangur mjög lítið nýttur. Auknum kröfum um eyðingu lífræns úrgangs fylgja ekki ábendingar um *raunhæfar* lausnir. Afleiðingin er ólögleg förgun lífræns úrgangs.

Sjá nánar skýrsluna *Sjálfbær þróun - vistvæn sjónarmið* bls.8-12

Tillögur

Ávinningur

1. Möguleikar á að taka upp moltugerð, annað hvort miðlægt eða á upprunastað verði kannaðir.

Aukið framboð jarðvegsbætandi efna.
Frjórri jarðvegur.
Bættir möguleikar á ræktun.

Samstarf og ábyrgð: Funi og Ísafjarðarbær
Aðgerðatími /tímabil: 2007 - 2008
Áætlaður kostnaður: Mismunandi útfærslur og mis háar kostnaður.

2. Kannaðir verði möguleikar á förgun fiskislógs og dýrahraejum á viðunandi hátt.

Minni sjón- og lyktarmengun í höfnum.
Ánægðari íbúar
Minna æti fyrir meindýr og vargfugl.

Samstarf og ábyrgð: Ísafjarðarbær, atvinnulífið, Funi og Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
Aðgerðatími /tímabil: 2007
Áætlaður kostnaður:

1.6 Fyrirtæki – Atvinnulíf

Fyrirtæki í Ísafjarðarbæ hafa almennt ekki sérstaklega beint sjónum sínum að umhverfismálum, nema þá helst þegar kemur að kröfum um hreinleika matvæla. Hins vegar virðist vera áhugi fyrir því að skoða þessi mál. Í nýlegri atvinnumálakönnun Ísafjarðarbæjar kemur fram að meirihluti fyrirtækja telur að umhverfismál fyrirtækja komi til með að skipta meira máli í framtíðinni varðandi söluhorfur og ímynd svæðisins.

Sjá enn fremur skýrsluna *Sjálfbær þróun - vistvæn sjónarmið* bls. 48

Tillögur

Ávinningur

1. Kannað verði hvort vottunarkerfið *Green Globe* sé verkefni sem sveitarfélagið gæti tekið upp og þá jafnvel í samvinnu við önnur sveitarfélög eins og gert var á Snæfellsnesi.

Samstarf og ábyrgð: Ísafjarðarbær
Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
Aðgerðatími /tímabil: 2006 - 2007
Áætlaður kostnaður: Óverulegur

Virt vottunarkerfi sem notað er víða um heim og notkun þess setur ákveðinn gæðastimpil á atvinnu- og menningarlíf svæðisins

2. Hafnir Ísafjarðarbæjar verði hvattar til þátttöku í *Bláfánverkefninu*.

Samstarf og ábyrgð: Staðardagskrárnefnd, hafnarstjórn og hafnarstarfsmenn
Aðgerðatími /tímabil: 2007
Áætlaður kostnaður: Þarf að meta kostnað en hann er mismunandi eftir höfnum.

Bætt umhverfi hafnanna hefur í för með sér betri ásýnd bæjarins.

3. Kannaður verði áhugi fyrirtækja á umhverfissvottun tengdri framleiðslu á vöru og þjónustu.

Fyrirlesarar verði fengnir til að flytja erindi um kosti mismunandi umhverfissvottunarkerfa. Opnir fundir um umhverfismál og kosti umhverfissvottunar hjá fyrirtækjum og stofnunum verði haldnir.

Samstarf og ábyrgð: Ísafjarðarbær, Atvest og atvinnulífið.
Aðgerðatími /tímabil: 2007
Áætlaður kostnaður: Kr. 100 þús.

Aukinn vilji og áhugi fyrirtækja og stofnana á gæðamálum hefur áhrif á þróun vistsvænnar framleiðslu og eykur gæði vöru og þjónustu.

Nauðsynleg þekking fyrirtækja á hinum ýmsu umhverfissvottunarkerfum byggist upp og einnig aukin vitund í atvinnulífinu um vistvæna starfshætti.

1.7 Umhverfisfræðsla

Fræðsla er oft besta leiðin til að vekja fólk til umhugsunar um umhverfismál. Það hefur sannast t.d. í þeim löndum Evrópu, sem teljast meðal þeirra fremstu í umhverfismálum í heiminum, að hægt er að ná góðum árangri með umhverfisfræðslu á öllum stigum skólakerfisins. Þar tekur við ábyrgðarstörfum kynslóð fólks sem er líklega meðvitaðri um sitt nánasta umhverfi og umhverfislegar skyldur sínar í alþjóðlegu samfélagi en kynslóðirnar á undan. Því takmarki að *auka umhverfisvitund ungs fólks* verður áreiðanlega best náð með góðri samvinnu við starfsfólk skóla á öllum stigum og skýrri stefnu skólanna og sveitarfélagsins að þessu leyti.

Sjá ennfremur skýrsluna *Sjálfbær þróun - vistvæn sjónarmið* bls11-12.

Tillaga

Skólar sveitarfélagsins verði hvattir til að vinna í auknum mæli að „Grænfánanum“ sem er umhverfisvottun skóla á vegum Landverndar. Kynning verði á „Grænfánanum“ í skólum sveitarfélagsins og kannað hvernig tekið er á umhverfismálum í skólanámskrám í Ísafjarðarbæ. Virkja mætti yngri börn betur og íbúa almennt með skemmtilegum verkefnum sem styrkja umhverfisvitund allra.

Samstarf og ábyrgð: Skóla- og fjölskylduskrifstofa Ísafjarðarbæjar. Grunnskólar. Leikskólar. Funi.

Aðgerðatími /tímabil: 2007

Áætlaður kostnaður:

Ávinningur

Aukin umhverfisvitund íbúa byggð á þekking á sjálfbærri þróun og kostum vistvæns umhverfis er mikilvæg leið til þess að búa í haginn fyrir komandi kynslóðir.

2. Hnattræn sjónarmið – Jörðin öll

2.1 Auðlindanotkun

Nýting auðlinda í heiminum hefur á undanförunum árum komist í auknum mæli inn í hina almennu umræðu um velferðarmál og breyting orðið á viðhorfum til nýtingar frá því sem áður var. Á síðustu árum og áratugum hefur orðið ákveðin viðhorfsbreyting, t.d. með lögum um umhverfismat stærri framkvæmda, lögum um efnisnám og lögum um fiskveiðistjórnun. Sjá enn fremur skýrsluna *Sjálfbær þróun - vistvæn sjónarmið* bls.14-15

Tillaga

Gera þarf heildstæða áætlun um nýtingu allra auðlinda sem finnast í Ísafjarðarbæ.

Vistvæn sjónarmið og möguleikar á sjálfbærri þróun verði ætíð höfð að leiðarljósi.

*Samstarf og ábyrgð: Ísafjarðarbær
Aðgerðatími /tímabil: Lok 2007
Áætlaður kostnaður: kr. 500-1000 þús.*

Ávinningur

Sveitarfélagið gæti skapað sér sérstöðu og viðurkenningu á sviði sjálfbærni og umhverfismála.

Jákvæð áhrif á sjálfsvitund íbúanna. Náttúruauðlindir sem nýttar eru á ábyrgan og sjálfbæran hátt þegar mögulegt er.

2.2 Hávaða- og loftmengun

Hávaða- og loftmengun hefur verið mikið í umræðunni á síðustu árum. Hér er um vandamál að ræða sem tengist sérstaklega þéttbýlli svæðum. Í Ísafjarðarbæ eru þetta ekki stór vandamál en samt ber að vera á varðbergi svo ekki verði gengið á lífsgæði íbúa.

Tillaga

Íbúar verði hvattir til að forðast að menga umhverfið og er þá átt við loft – og hávaðamengun af öllu tagi.

*Samstarf og ábyrgð:
Aðgerðatími /tímabil:
Áætlaður kostnaður:*

Ávinningur

Hreint, ómengað andrúmsloft.

Kyrrlát, friðsælt umhverfi.

2.3 Orkusparnaður

Notkun hreinna og endurnýjanlegra orkugjafa nemur um 2/3 af orkunotkun Íslendinga, sem er hærra hlutfall en hjá nokkru öðru ríkja OECD. Þetta er ánægjuleg staða þegar haft er í huga að orkuframleiðsla heimsins á stærstan þátt í svonefndum gróðurhúsaáhrifum. Þótt orkuauðlindirnar hér á landi séu vistvænar, þýðir það ekki endilega að virkjun þeirra sé það og oft hefur þurft að leggja í miklar, dýrar og óafturkræfar framkvæmdir til að

stuðla að nýtingu þessara auðlinda. Einnig er þetta spurning um skynsamlega nýtingu og hvort með sparnaði sé hægt að koma í veg fyrir eða minnka framkvæmdir til orkuöflunar í framtíðinni. Íslendingar eru miklir orkunotendur. Vel mætti ímynda sér að hægt væri með skynsemi að spara orku á ýmsum sviðum. Þó verður að taka með í reikninginn að Ísland liggur mjög norðarlega og ekki óeðlilegt að orkunotkun hér sé meiri en annars staðar af þeim sökum.

Sjá ennfremur skýrsluna *Sjálfbær þróun - vistvæn sjónarmið* bls. 17-19

Tillaga

Gefinn verði út bæklingur með ábendingum um atriði er leitt geta til orkusparnaðar, þ.e. fræðsla til íbúa um hvernig spara megi orku með einföldum aðgerðum.

Samstarf og ábyrgð: Orkufyrirtæki, Ísafjarðarbær
Aðgerðatími /tímabil: 2008
Áætlaður kostnaður: Kr. 400 þús.

Ávinningur

Aukin þekking, breytt viðhorf, bætt orkunýting.

2.4 Neyslumynstur og lífsstíll

Vesturlandabúar eru um 1/3 af íbúum jarðar, en þeir nýta ¾ af auðlindum hennar. Ef íbúar Kína nyta sömu lífsgæða og við, hryndi auðlindakerfi jarðarinnar. Mikilvægt er að vekja almenning til umhugsunar um áhrif neyslumynsturs og að þeir venji sig við að hugsa hnattrænt og hafi hagsmuni heildarinnar í huga þegar um einkaneyslu og lífsstíl er að ræða. Ekki liggja fyrir rannsóknir á neyslumynstri og lífsstíl íbúa Ísafjarðarbæjar. Ætla má að þessir þættir taki í öllum aðalatriðum mið af nútíma vestrænu neyslusamfélagi. (Sjá ennfremur skýrsluna *Sjálfbær þróun - vistvæn sjónarmið* bls.18-19)

Tillaga

Fræðslubæklingi um umhverfismerkingar, gildi þess að velja umhverfisvænar vörur, um hollan lífsstíl og lífsmynstur, um ræktun lífrænna vara o.fl verði dreift. Ræktun á lífrænum vörum í heimabyggð verði aukin.

Samstarf og ábyrgð: Ísafjarðarbær, Lýðheilsustofnun, Manneldisráð o.fl.
Aðgerðatími /tímabil: Fyrir lok 2007
Áætlaður kostnaður: Kr. 400 þús.

Ávinningur

Lífsstíll sem einkennist af góðu jafnvægi, hollustu í mataræði, góðri hvíld og félagslegu öryggi

2.5. Opinber innkaup

Ríkisstjórn Íslands samþykkti sérstaka umhverfisstefnu í ríkisrekstri í janúar 1997. Þar er kveðið á um að umhverfissjónarmið skuli höfð til hliðsjónar við innkaup. Sveitarfélög sem undirritað hafa samþykktir Staðardagskrár 21 hafa mörg haft forgöngu um að móta sérstaka umhverfisstefnu er felur þá gjarnan í sér ákveðna stefnu um innkaup, t.d. á rekstrarvörum fyrir stofnanir sínar og starfsemi þar sem tekið er mið af vistvænum sjónarmiðum. Gefin var út handbók um umhverfissvæn innkaup sem einkum er ætluð þeim sem sinna opinberum innkaupum. Sjá ennfremur skýrsluna *Sjálfbær þróun - vistvæn sjónarmið* bls.19-20

Tillaga

Kynningarfundur verði haldinn með sviðsstjórum um opinber innkaup, grænt bókhald og verklagsreglur.
Stefnumótun unnin.
Námskeið verði haldið fyrir starfsmenn Ísafjarðarbæjar.

Samstarf og ábyrgð: Allar deildir Ísafjarðarbæjar
Aðgerðatími /tímabil: Vor 2007
Áætlaður kostnaður: Kr. 100 þús.

Ávinningur

Aukinn áhugi starfsfólks Ísafjarðarbæjar á þessum málaflokki og sannfæring um réttmæti hans hefur jákvæð áhrif á náttúru og lífríki.

3. Heilbrigði og hollusta

3. 1 Heilsa

Hér verður fjallað um þætti er áhrif hafa á heilbrigði íbúanna í Ísafjarðarbæ. Bæði er hér um að ræða fyrirbyggjandi þætti og þjónustu við þá sem þurfa á hjúkrun og lækniþjónustu að halda. Í Ísafjarðarbæ búa íbúar við góða heilbrigðisþjónustu að flestu leyti. Mikilvægt er að standa vörð um þá þjónustu sem nú er veitt enda er hér um að ræða mikilvægt byggðamál. Sjá ennfremur skýrsluna *Sjálfbær þróun - vistvæn sjónarmið* bls.21

Tillaga

Öllum „nýbúum” bæjarins verði sendur upplýsingabæklingur með greinargóðum upplýsingum þar sem þeir eru boðnir velkomnir í bæinn og heilsutengd afþreying m.a. kynnt. Tryggt verði að allir nýbúar fái *Handbók Ísafjarðarbæjar* sem gefin var út árið 2003.

Samstarf og ábyrgð: Fjölmenningssetur og Ísafjarðarbær
Aðgerðatími /tímabil: Starf er unnið en þarf að efla.
Áætlaður kostnaður:

Ávinningur

Aukin vitund íbúa um hollar lífsvenjur og mikilvægi góðrar heilsu

3. 2 Neysluvatn

Árið 2001 voru allar vatnsveitur á landinu skilgreindar sem matvælafyrirtæki og þurfa því að uppfylla kröfur Heilbrigðiseftirlitsins um matvælaframleiðslu. Til að uppfylla skilyrði matvælavinnslu þarf að koma á innra eftirlitskerfi hjá öllum vatnsveitum Ísafjarðarbæjar eða GÁMES (HACCP).

Stofntaugar eru almennt í lagi og mikil endurnýjun hefur átt sér stað. Sjá ennfremur skýrsluna *Sjálfbær þróun - vistvæn sjónarmið* bls.21-22

Tillaga

Benda þarf fjárfestum á möguleika í tengslum við gæðaríkt ferskvatn í vatnsfrekan iðnað á samkeppnishæfu verði í Ísafjarðarbæ.

Samstarf og ábyrgð: Atvest, Ísafjarðarbær og atvinnulífið.

Heilbrigðisftirlit Vestfjarða

Aðgerðatími /tímabil: Haustið 2006 – 2009 verði tilraunaverkefni sem hafi mælanleg markmið.

Áætlaður kostnaður:

Ávinningur

Aukin fjölbreytni í atvinnulífi og auknar tekjur sveitarfélagsins

3. 3 Fráveitumál

Ástand fráveitumála í Ísafjarðarbæ er víða óviðunandi en undanfarin ár hefur verið unnið að söfnun upplýsinga og teikningu kerfismynda lagna, þótt ekki sé ennþá til heildaráætlun fráveitumála í sveitarfélaginu. Ekki er heldur til rotþróarsamþykkt né fylgst með tæmingu rotþróa hjá einkaaðilum. Tæming rotþróa á vegum sveitarfélagsins fer fram við Suðurtanga á Skutulsfjarðareyri.

Samkvæmt niðurstöðum mælinga Náttúrustofu Vestfjarða bendir margt til að grófhreinsun ásamt sameiningu lagna, lengingu og betri frágangi útrása, reynist nægileg til að gera ástand fráveitumála allgott.

Brýnustu framkvæmdir sveitarfélagsins eru í Hnífsdal og í Seljalandshverfi þar sem frágangur er alls ófullnægjandi. Opna skolpfráveitu er líka að finna á Flateyri sem brýnt er að gengið verði frá .

Ljóst er að ef ráðist yrði í framkvæmdir af fullum þunga myndi kostnaðurinn skipta hundruðum milljóna króna.

Sjá ennfremur skýrsluna *Sjálfbær þróun - vistvæn sjónarmið* bls.23

Tillögur

Ávinningur

1. Gengið verði frá rotþróarsamþykkt fyrir sveitarfélagið.

Minni grunnvatnsmengun og smithætta.

Samstarf og ábyrgð: Ísafjarðarbær, Heilbrigðiseftirlit

Aðgerðatími /tímabil: Lok 2007

Áætlaður kostnaður:

2. Nauðsynlegar endurbætur og endurnýjun lagnakerfis njóti forgangs í framkvæmdaáætlun sveitarfélagsins.

Samstarf og ábyrgð: Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða

Aðgerðatími /tímabil:

Áætlaður kostnaður

Sveitarfélagið getur vakið athygli á vistvænni forgangsröðun sinni við verklegar framkvæmdir.

Jákvætt fyrir ímynd sveitarfélagsins

3. 4 Meindýr

Með meindýrum er átt við rottur og mýs annars vegar og skordýr og aðra hryggleysingja hins vegar. Hér er um að ræða dýr sem valda tjóni eða umtalsverðum óhreinindum í eða við híbýli manna, í peningahúsum, farartækjum, vöruskemmum o.s.frv. Vargfugl telst einnig til meindýra þegar hann veldur umtalsverðum óhreinindum eða tjóni í æðarvarpi eða við híbýli manna, í peningahúsum, fyrirtækjum, vöruskemmum og vatnsbólum.

Eins eru sníkjudýr, sem fylgt geta gæludýrum og valdið sjúkdómum og öðrum skaða, flokkuð sem meindýr.¹

Auk þess þarf að huga að eyðingu refa og minka sem oft valda tjóni í æðarvarvörpum og á öðru dýralífi. Sjá skýrsluna *Sjálfbær þróun - vistvæn sjónarmið* bls. 23 - 24)

¹ Skilgreiningar úr reglugerð um meindýr.

Tillögur

1. Komið verði á góðu skipulagi við eyðingu refa og minka

Samstarf og ábyrgð: Ísafjarðarbær,
nágrannasveitarfélög og
ríkið

Aðgerðatími /tímabil: 2007

Áætlaður kostnaður:

2. Komið verði á góðu skipulagi við eyðingu ætis fyrir vargfugla.

Samstarf og ábyrgð: Ísafjarðarbær, Heilbrigðiseftirlit
Vestfjarða og atvinnulíf

Aðgerðatími /tímabil: 2008

Áætlaður kostnaður:

Ávinningur

Verndun stærstu æðarvarpa í heimi sem eru í Ísafjarðarbæ og annars fugla- og dýralífs

Hreinna og ómengaðra umhverfi
Aukin gæði matvælaframleiðslu þar sem gerð er krafa um að fylgt sé alþjóðlegum viðmiðunum.

4. Atvinnulíf og efnahagsleg sjónarmið

4.1 Atvinnulífið

Sjá skýrsluna *Sjálfbær þróun - vistvæn sjónarmið* bls. 25-28 og 1.6 hér að framan.

Tillögur

Ávinningur

1. Kannað verði hvort vottunarkerfið *Green Globe* sé verkefni sem sveitarfélagið kjósi að vinna að og þá jafnvel í samvinnu við önnur sveitarfélög eins og gert var á Snæfellsnesi.

Samstarf og ábyrgð: Ísafjarðarbær
Aðgerðatími /tímabil: 2006-2007
Áætlaður kostnaður: Óverulegur

2. Unnið verði að því að gera Vestfirði í heild að „grænu“ ferðamenskusvæði.

Samstarf og ábyrgð: Atvest, Ferðamálasamtök Vestfjarða og Fjórðungssamband Vestfjarða.
Aðgerðatími /tímabil: Lokið 2008
Áætlaður kostnaður

Virt vottunarkerfi, sem notað er víða um heim, setur ákveðinn gæðastimpil á atvinnu- og menningarlíf svæðisins og gerið það eftirsóknarverðari viðkomustað fyrir ferðamenn.

Græn ferðamennska er sífellt að verða almennari í heiminum og við verðum að taka þátt í þeirri þróun. Bætt ímynd styrkir bæjarfélagið.

5. Félagsleg sjónarmið

5.1 Samfélagsgerð og lýðræði

Ísafjarðarbær er svokölluð „klasabyggð“ sem myndaðist þegar Ísafjarðarkaupstaður og nokkur smærri þorp og hreppar sameinuðust í eitt sveitarfélag árið 1996. Byggðin er dreifð með nokkrum þéttbýliskjörnum og landbúnaðarsvæðum á milli. Landbúnaður á svæðinu fullnægir ríflega þörf íbúa í Ísafjarðarbæ fyrir mjólk og er hér rekið gott mjólkursamlag, sem auk þess að framleiða mjólk, vinnur jógúrt og annast forvinnslu á ostum. Ekkert sláturhús er rekið á Vestfjörðum, sem hlýtur að teljast bagalegt fyrir bændur á svæðinu. Vegna minnkandi kvóta hafa sumir bændur farið út í skógrækt og er starfrækt hér verkefnið *Skjólskógar á Vestfjörðum* með miklum myndarbrag. Sjá enn fremur skýrsluna *Sjálfbær þróun - vistvæn sjónarmið* bls.29-30

Tillögur

Ávinningur

Taka þarf saman efni á ensku, pólsku og tælensku um sveitarfélagið og þjónustu þess, réttindi og skyldur íbúanna o.fl

Samstarf og ábyrgð: Ísafjarðarbær og Fjölmenningssetur

Aðgerðatími /tímabil: Vor/sumar 2006 í tengslum við

nýjan vef Ísafjarðarbæjar

Áætlaður kostnaður:

Íbúar sem þekkja vel þjónustu á vegum sveitarfélagsins, réttindi sín og skyldure

5.2 Skipulagsmál

Vandað skipulag, hvort sem það er svæðis-, aðal- eða deiliskipulag, auk góðra byggingaskilmála, er mjög mikilvæg forsenda góðrar umgengni við umhverfið.

Í Ísafjarðarbæ er ekki til aðalskipulag nema fyrir þéttbýliskjarnana Ísafjörð, Suðureyri, Flateyri og Þingeyri. Rætt hefur verið um að gera aðalskipulag fyrir Ísafjarðarbæ í heild sinni, en það hefur ekki verið tekin ákvörðun um tímasetningu o. þ.h. Gerð var eins konar stefnumörkun fyrir Hornstrandir fyrir nokkrum árum en ekki gengið formlega frá þeirri vinnu. Unnið hefur verið að skipulagsmálum í tengslum við útivist og íþróttir í Tungudal, á Seljalandsdal, í Engidal og á skotsvæðinu í Dagverðardal.

Sjá enn fremur skýrsluna *Sjálfbær þróun - vistvæn sjónarmið* bls. 30 – 31

Tillögur

Ávinningur

1. Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar verði lokið sem fyrst.

Samstarf og ábyrgð: Ísafjarðarbær

Aðgerðatími /tímabil: 2008

Áætlaður kostnaður:

Nýtt aðalskipulag markar framtíðarsýn sveitarfélagsins í skipulags-, umhverfis-, og atvinnumálum.

2. Svæðið við Lónið á Suðureyri verði gert að

Bætt umhverfi Lónsins, aukin útivist,

útvistarvæði Súgfirðinga.

bætt aðstaða fyrir ferðamenn og íbúa.

Samstarf og ábyrgð: Ísafjarðarbær og Sjávarþorpið Suðureyri ehf.

Aðgerðatími /tímabil: 2006 og 2007

Áætlaður kostnaður:

3. Unnið verði deiliskipulag fyrir hluta Suðureyrar er næði frá núverandi gámasvæði og út fyrir grunnskólann

Breytt og bætt nýting á þessu svæði.

Samstarf og ábyrgð: Ísafjarðarbær

Aðgerðatími /tímabil: 2006 og 2007

Áætlaður kostnaður:

4. Slitlagningu allra gatna í Ísafjarðarbæ verði lokið.

Hefur í för með sér bætt ásjón bæjarins og er í takt við almennar kröfur íbúa.

Samstarf og ábyrgð: Ísafjarðarbær

Aðgerðatími /tímabil: 2007 - 2008

Áætlaður kostnaður:

5. Hæsti-, Mið- og Neðstikaupstaður á Ísafirði verði tengdir saman með heildrænum hætti, t.d. með fallettri götugerð, merkingum og upplýsingum um sögu kaupstaðarins.

Styrkir ímynd bæjarins sem menningarbæjar og eflir miðlun söguarfs

Samstarf og ábyrgð: Ísafjarðarbær: Menningarnefnd (tillögur).

Aðgerðatími /tímabil: 2007

Áætlaður kostnaður:

6. Gámasvæði í Ísafjarðarbæ verði skipulögð þannig að þau verði sveitarfélaginu til sóma.

Snyrtilegra umhverfi, bætt þjónusta við fyrirtæki, bæjarbúa og útgerðarmenn.

Samstarf og ábyrgð: Ísafjarðarbær og Funi

Aðgerðatími /tímabil:

Áætlaður kostnaður:

7. Sumarhúsabyggðir í Ísafjarðarbæ verði skipulagðar því með styttri ferðatíma milli suðvesturhornsins og Vestfjarða, fer að verða fýsilegri kostur að eiga sumarhústað á Vestfjörðum.

Aukin uppbygging og tekjur.

Samstarf og ábyrgð: Ísafjarðarbær og landeigendur

Aðgerðatími /tímabil: 2007 - 2008

Áætlaður kostnaður:

5.3 Málefni barna og unglunga

Nauðsynlegt er í hverju sveitarfélagi að skapa börnum og ungmennum hin allra bestu skilyrði til vaxtar og þroska. Skólar eru þær uppeldis- og fræðslustofnanir sem í hverju samfélagi taka að sér að búa börn og ungmenni undir líf á fullorðinsárum. Þessar stofnanir takast á við gífurlega vandasamt en mikilvægt hlutverk.

Þótt uppeldis- og fræðsluhlutverk skóla á öllum skólastigum sé viðurkennt, gegna þó heimilin einnig veigamiklu hlutverki. Í Ísafjarðarbæ eru leikskólar, grunnskólar, framhaldsskóli og unnt er að stunda nám á háskólastigi í nokkrum greinum.

Fram kom á Ríóráðstefnunni 1992 að hlutverk barna og ungmenna í mótun sjálfbærs samfélags er stórt. Mikilvægt er að börnum og ungmennum sé ljóst að þau eiga val um að móta umhverfið á þann hátt að það veiti þeim viðunandi lífsskilyrði í framtíðinni. Til þess að leysa þau miklu umhverfisvandamál sem talið er að séu að koma fram víða á jörðinni er talið að frjótt hugmyndaflug sé meðal allra bestu verkfæranna. Ungu fólkið býr gjarnan yfir óheftu hugmyndaflugi og skapandi hæfileikum sem gætu nýst í glímunni við að skapa umhverfi þar sem sjálfbær þróun skipar stóran sess. Umhverfisfræðslu skólanna þarf að gefa gaum í þessu skyni en annars staðar í skýrslunni er fjallað nánar um þann mikilvæga þátt.

Sjá enn fremur skýrsluna *Sjálfbær þróun - vistvæn sjónarmið* bls. 31-33.

Tillögur

Standa ber vörð um heilbrigði barna og unglunga og leggja áherslu á vímuefnaforvarnir.

Samstarf og ábyrgð: Ísafjarðarbær, VáVest hópurinn og lögreglan.

Aðgerðatími /tímabil:

Áætlaður kostnaður:

Íþróttamannvirki utan Ísafjarðar verði betur nýtt til kennslu, æfinga og annarrar menningarstarfsemi.

Samstarf og ábyrgð: HSV, Ísafjarðarbær og íbúar

Aðgerðatími /tímabil:

Áætlaður kostnaður: Enginn Gæti haft í för með sér sparnað og hagræðingu

Ávinningur

Bætt heilbrigði barna og unglunga.

Aukin íþróttaiðkun ungmenna í sveitum og frá þéttbýliskjörnum eflir hreysti og mætir þörf ungmenna fyrir félagsleg samskipti.

6. Menntun og menning

6.1. Almenn

Sjálfbær þróun er víðtækara hugtak en margir hafa gert sér grein fyrir. Menning og menntun geta fallið undir sjálfbæra þróun í ýmsum skilningi. Í Ísafjarðarbæ eru menntastofnanir sem veita fræðslu og miðla þekkingu á öllum skólastigum, þ.e. allt frá leikskóla til háskólanáms. Í sveitarfélaginu eru söfn sem geyma upplýingar og sögulegar staðreyndir um líf íbúanna í gegnum aldirnar. Iðkun tónlistar, leiklistar og myndlistar á sér einnig nokkra sögu og merkilegir munur hafa varðveist, einkum í tengslum við sjávarútveg.

Í Ísafjarðarbæ byggist daglegt líf íbúanna að mörgu leyti á sterkum menningarlegum grunni. Mikilvægt er að gefa þessum þáttum gaum og styrkja alla viðleitni til vaxtar en jafnframt til varðveislu menningarlegra verðmæta.

Sjá enn fremur skýrsluna *Sjálfbær þróun - vistvæn sjónarmið* bls. 34

Tillögur

Háskólanám sem þjónar öllum Vestfjörðum verði eft og þróað enn frekar.

Samstarf og ábyrgð: Háskólasetur Vestfjarða og menntastofnanir í Ísafjarðarbæ
Aðgerðatími /tímabil: 2006-2008
Áætlaður kostnaður:

Ávinningur

Háskóli laðar að námsmenn og fræðimenn og hefur áhrif á menntunarstig byggðarlagsins. Vísindarannsóknir sem tengjast Vestfjörðum hafa margvísleg áhrif, hagnýt og fræðileg. Fjölbrettari atvinnumöguleikar skapast.

6.2 Menningarminjar

Áhugi manna og skilningur á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um menningarminjar og vernda þær fyrir komandi kynslóðir, hefur stóraukist á síðustu árum. Íbúar Ísafjarðarbæjar og gestir eru vonandi engin undantekning þar á. Ferðaþjónusta er jafnvel talin einn mikilvægasti möguleikinn í atvinnuuppbyggingu á svæðinu. Skipulega skráðar upplýsingar um menningarminjar, þ.e. heildstæðar upplýsingar um ástand fornleifa, staðsetningu og söguna sem þeim tengist, geta verið óendanleg uppspretta úrvinnslu fyrir ferðaþjónustu á svæðinu. Sjá skýrsluna *Sjálfbær þróun - vistvæn sjónarmið* bls. 34-36

Tillögur

1. Skipulag í tengslum við nýbyggingar og uppbyggingu eldri húsa í Ísafjarðarbæ, taki mið af stærðum og hlutföllum eldri húsa í umhverfinu og

Ávinningur

Verndun menningararfsins og gamalla bæjarmynda.

við staðsetningu verði tekið mið af sögulegum arfi.

*Samstarf og ábyrgð: Ísafjarðarbær í samvinnu við Íbúa
Aðgerðatími /tímabil: 2006
Áætlaður kostnaður:*

2. Kannaðir verði möguleikar á að koma á einhverskonar umbunarkerfi er nái til þeirra sem viðhalda gömlum húsum vel eða ráðast í kostnaðarmiklar endurbætur á gömlum húsum.

Verndun menningararfsins og gamalla götu- og bæjarmynda.

*Samstarf og ábyrgð: Ísafjarðarbær
Aðgerðatími /tímabil: 2007
Áætlaður kostnaður:*

3. Fornleifaskráning í Haukadall í tengslum við Gísla sögu verkefnið styrkt.

*Samstarf og ábyrgð: Víkingar á Vestfjörðum, Vestfirðir á miðöldum, Náttúrustofa, Háskólasetur og Ísafjarðarbær.
Aðgerðatími /tímabil: 2006-2007
Áætlaður kostnaður:*

Verndun menningararfsins; aukin fræðimennska og efling atvinnulífs á svæðinu.

4. Sótt verði um styrki frá ríkinu til að stunda fræðastörf og rannsóknir. Skapa þarf sérstöðu, t.d. með varðveislu gamalla báta sem eru á floti. Leita þarf styrkja frá félagasamtökum og brottfluttum einstaklingum sem og fyrirtækjum á svæðinu og opinberum sjóðum.

*Samstarf og ábyrgð: Byggðasafn Vestfjarða, Bóka- og héraðsskjalasafn og Háskólasetur
Aðgerðatími /tímabil:
Áætlaður kostnaður:*

Aðgengilegri upplýsingar um sögu og samfélag, m.a á söfnum og sýningum. Áhugaverðara svæði fyrir þá sem sækja það heim vegna aukins framboðs af minjum sem eru til sýnis.

6.3 Menning – fjölmennning

Íbúasamsetning í sveitarfélaginu er mjög fjölbreytt, en á Vestfjörðum hefur á undanförunum árum verið langhæsta hlutfall útlendinga á landinu. Á þjóðahátíð, sem haldin var á Flateyri síðla vetrar 1999, töldust vera u.þ.b. 40 þjóðerni á svæðinu. Þetta er sérstakt og eykur óneitanlega fjölbreytni mannlífs. Menning, lífshættir, matarvenjur, trú, tungumál, útlit og ýmsir aðrir þættir í fari fólks sem er af erlendu bergi brotið, er ólíkt því sem Íslendingar hafa lengst af átt að venjast. Sé rétt að málum staðið getur þessi fjölbreytni aukið víðsýni íbúanna og vitund um menningu annarra þjóða. Sjá ennfremur skýrsluna *Sjálfbær þróun - vistvæn sjónarmið* bls. 36)

Tillögur

1. Öllum börnum í sveitarfélaginu verði gefið tækifæri til að viðhalda móðurmáli sínu og tungumálakunnátta sé metin að jöfnu.

Samstarf og ábyrgð: Ísafjarðarbær

Fjölmenningarsetur

Aðgerðatími /tímabil: 2006 - 2007

Áætlaður kostnaður:

2. Jafnrétti til náms í grunnskólum bæjarins verði tryggt t.d. með stuðningi við heimanám.

Samstarf og ábyrgð: Ísfjarðarbær

Fjölmenningarsetur

Aðgerðatími /tímabil: 2006

Áætlaður kostnaður

3. Íslenskukennsla og upplýsingamiðlun til útlendinga verði aukin.

Samstarf og ábyrgð: Ísafjarðarbær

Fjölmenningarsetur

Aðgerðatími /tímabil: 2006

Áætlaður kostnaður

4. Skipulögð verði fræðsla um ólíka menningu, trúarbrögð og fjölskyldugerðir

Samstarf og ábyrgð: Ísafjarðarbær

Fjölmenningarsetur

Aðgerðatími /tímabil: 2006

Áætlaður kostnaður

5. Skólastofnanir samfélagsins verði aðlagðar að breyttu umhverfi og fjölmenningarleg hugmyndafræði lögð til grundvallar í skipulagi og stefnumótun í skólastarfi.

Samstarf og ábyrgð: Ísfjarðarbær

Fjölmenningarsetur

Aðgerðatími /tímabil: 2006

Áætlaður kostnaður

6. Öllum þjóðarbrotum í Ísafjarðarbæ verði veittur stuðningur við að efla þátttöku þeirra í menningarlífi samfélagsins

Samstarf og ábyrgð: Ísfjarðarbær

Fjölmenningarsetur

Aðgerðatími /tímabil: 2006

Áætlaður kostnaður

Ávinningur

Aukin færni íbúanna í tungumálum og þekking á ólíkum menningarheimum.

Aukið jafnræði meðal nemenda óháð uppruna.

Aukin færni íbúanna í alþjóða samskiptum sem styrkir stöðu bæjarins í alþjóðavæðingunni.

Aukið umburðarlyndi, bætt samskipti og tækifæri í nýsköpun og þróun.

Aukið umburðarlyndi, bætt samskipti og tækifæri í nýsköpun og þróun.

Aukið umburðarlyndi, bætt samskipti og tækifæri í nýsköpun og þróun.

6.4 Skólar – menntastofnanir

Eins og fram hefur komið eru allmargar menntastofnanir í Ísafjarðarbæ. Skólarnir spanna öll skólastig og má þar finna sex leikskóla, fjóra grunnskóla, tónlistarskóla, einn skóla á framhaldsskólastigi, þ.e. Menntaskólann á Ísafirði og nám á háskólastigi í nokkrum háskólagreinum.

Á Ísafirði er starfandi Fræðslumiðstöð Vestfjarða sem er ein níu símenntunarmiðstöðva landsins. Þar gefst fólki á öllum aldri tækifæri til að stunda fjarnám eða sækja ýmiss konar lengri eða styttri námskeið. Fræðslumiðstöð Vestfjarða hefur einnig umsjón með námi á háskólastigi sem í boði er á hverjum tíma. Háskólaþing Vestfjarða tók formlega til starfa í janúar 2006 og verður setrið miðstöð háskólamenntunar á Vestfjörðum. Í kjölfarið verða töluverðar breytingar á starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar. Sjá ennfremur skýrsluna *Sjálfbær þróun - vistvæn sjónarmið* bls. 36-37.

Tillögur

Finna þarf leiðir til að auka hlutfall faglærðra kennara á öllum skólastigum til að tryggja samkeppnishæfni svæðisins.

Samstarf og ábyrgð: Skóla- og fjölskylduskrifstofa
Menningarmálanefnd Ísafjarðarbæjar

Aðgerðatími /tímabil:

Áætlaður kostnaður:

Afla þarf upplýsinga um ýmsa þætti skólastarfs t.d. stefnu skólanna í ýmsum málum, skólanámskrár, foreldrasamstarf ofl.

Samstarf og ábyrgð: Skóla- og fjölskylduskrifstofa
Menningarmálanefnd Ísafjarðarbæjar

Aðgerðatími /tímabil:

Áætlaður kostnaður:

Ávinningur

Góðir skólar gegna lykilhlutverki þegar fólk velur sér búsetu. Þeir hafa áhrif á stöðugleika í samfélaginu auk þess að miðla þekkingu og færni.

Fullvissa um að skólastefnu Ísafjarðarbæjar sé fylgt vel eftir í starfi skólanna